

Alþingi
Mál nr. P 130/2483
Mánudagur 2/5. 2004

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



Stjórn Landssambands smábátæigenda kom saman til fundar þann 18. maí 2004 til að fjalla um sóknardagafrumvarp sjávarútvegsráðherra. Eftirfarandi ályktun var samþykkt:

Frumvarp sjávarútvegsráðherra mun að óbreyttu gera sóknardagakerfi handfærabáta að engu. Þessi staðreynd blasir við, þrátt fyrir að frumvarpið væri kynnt LS á þeim forsendum að það fæli í sér tvo jafngilda valkosti varðandi framtíðarskipan veiða sóknardagabáta. Sú er alls ekki raunin og að óbreyttu um hreinar þvingunaraðgerðir að ræða yfir í aflakvótakerfi. Stjórn LS leggst ekki gegn því að teflt sé fram valkostum, en gerir þá skýlausu kröfu að þá megi leggja að jöfnu. Krafa LS hefur verið að sett verði 23 daga gólf í sóknardagakerfi handfærabáta.

Sjái þingmenn sér ekki fært að standa við gefin fyrirheit um festingu lágmarksfjölda sóknardaga eins og sjávarútvegsráðherra sagði frumvarpið bera í sér, er engin framtíð í sóknardagakerfi frumvarpsins. Það er með öllu útilokað að taka þann málf lutning alvarlega að menn geti vegið það til jafns við þann valkost að fara í krókaafلامarkíð. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er framlenging sóknardagakerfisins sýndarmennska ein.

Nú hefur komið í ljós að til virðist gnótt veiðiheimilda sem ekki verða frá öðrum teknar, þegar ná skal því markmiði að stýra með aflakvótakerfi. Þessu hefur hingað til verið þveröfugt farið þegar um er að ræða sóknarstýringu. Stjórn LS hefur ástæðu til að draga þá ályktun að hinn einbeitti vilji til að afleggja sóknardagakerfið þýði að hugað sé að enn frekari tilfærslum slíkra veiðiheimilda í því augnamiði að taka þetta skref til fulls.

Yfirlýst markmið stjórnvalda er að ná sátt við eigendur sóknardagabáta. Slík sátt næst ekki, ef ganga á þvert á vilja stórs hóps þeirra. Landssamband smábátæigenda hefur alla tíð verið boðið og búið til að vinna að sátt um þessi mál og því lýsir stjórn LS miklum vonbrigðum með vinnubrögð sjávarútvegsráðherra gagnvart forystu félagsins í þeim efnum. Frumvarp hans endurspeglar orðróm sem stöðugt barst forystu félagsins til eyrna að væru þær hugmyndir sem unnið væri með í sjávarútvegsráðuneytinu. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir þar að lútandi var því þverneitað í viðræðum LS við ráðuneytið.

Stjórn LS krefst þess að frumvarpið verði fært til þess vegar að um jafnræði valkosta verði að ræða og brýnir hið háa Alþingi til þeirra verka.

Stjórn Landssambands smábátæigenda